

Mál nr. 375/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/A - rúta

og

Vátryggingafélagið Y v/B - jeppabifreið

Árekstur við mætingu bifreiða á leið yfir Kjöl 26.07. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 28.10. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 16.11. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 16.11. 2009 ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Áreksturinn varð við mætingu bifreiðanna. Ágreiningur er um hvort jeppabifreiðin B hafi verið kyrrstætt við áreksturinn þannig að áhrif hafi á sakarskiptingu. Álitaefni er og hverníð ökumenn viku við mætingu bifreiðanna. Vátryggingafélag B telur að ökumaður A skuli bera ábyrgð á árekstrinum þar sem lagt verði til grundvallar að B hafi verið kyrrstæður.

Vátryggingafélag A telur að skipta skuli sök til helminga þar sem ökutækin mætast við þröngar aðstæður og að ekki sé ástæða til þess að setja sök á annan frekar en hinn.

Álit.

Ljóst er að ökutækin mættust við þröngar aðstæður. Við slíkar aðstæður þarf að gæta aukinnar aðgæslu. Telja verður fullvíst að ökumennirnir hafi séð tímanlega hvor til annars.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum verður sök skipt til helminga. Ekki er tilefni til að láta halla á annan ökumanninn fremur en hinn. Ekki hefur verið sýnt fram á að B hafi verið kyrrstæður þannig að unnt sé að leggja aukna ábyrgð á A.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 24.11. 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.